



# Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017



RÍKISENDURSKOÐUN

Ágúst 2018

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	2
2	Niðurstöður og ábendingar .....	3
3	Fjárveitingar og rekstur .....	4
3.1	Fjárveitingar .....	4
3.2	Rekstraráætlun.....	4
3.3	Niðurstaða.....	4
4	Innra eftirlit.....	5
4.1	Inngangur .....	5
4.2	Umfjöllun .....	5
4.3	Niðurstaða.....	5
5	Fylgni við lög og reglur.....	6
5.1	Inngangur .....	6
5.1.1	Ferðakostnaður.....	6
5.1.2	Risna.....	6
5.1.3	Opinber innkaup .....	6
5.1.4	Innkaupakort.....	6
5.1.5	Láns- og reikningsviðskipti .....	6
5.1.6	Styrkir.....	6
5.1.7	Virðisaukaskattur og endurgreiðslur .....	6
5.2	Niðurstaða.....	6
6	Endurskoðun rekstrarliða .....	7
6.1	Rekstrartekjur .....	7
6.2	Launagjöld.....	7
6.2.1	Ráðningarsamningar .....	8
6.2.2	Viðveruskráning .....	8
6.3	Önnur rekstrargjöld.....	8
6.4	Niðurstaða.....	8
7	Endurskoðun efnahagsliða .....	9
7.1	Eignir .....	9
7.1.1	Áhöld og búnaður .....	9
7.1.2	Viðskiptakröfur .....	9
7.1.3	Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga.....	10
7.1.4	Handbært fé.....	10
7.2	Eigið fé og skuldir .....	10
7.2.1	Höfuðstóll .....	10
7.2.2	Ríkissjóður.....	10
7.2.3	Ógreidd laun, launaleiðrétting.....	10
7.2.4	Viðskiptaskuldir.....	10
7.2.5	Orlofsskuldbinding.....	11
7.2.6	Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda .....	11
7.3	Niðurstaða.....	11
8	Önnur atriði .....	12
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	12
8.2	Lögfræðibréf .....	12
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	12
8.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	12

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fyrir árið 2017.

Endurskoðunin byggir á bókhaldi stofnunarinnar og þeim niðurstöðum sem liggja fyrir við skoðun fyrir árið 2017. Endurskoðunin beindist að þessu sinni að því að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í reikningsskilunum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar fyrirbyggjandi upplýsingar.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að vegna tafa við innleiðingu á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál og þar með gerð stofnefnahagsreikninga hefur Fjársýsla ríkisins ekki lokið við ársreikning stofnunarinnar. Því tekur endurskoðunin mið af því að ekki er fyrirbyggjandi ársreikningur. Stjórnendur Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, sem eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila stofnunarinnar og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna, telja reikningsskilum lokið af sinni hálfu.

Ársreikningur Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra var síðast endurskoðaður árið 2015 vegna ársins 2014.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fyrir árið 2017 er lokið, með fyrirvara um viðbótarskoðun ef niðurstaða breytist frá fyrirliggjandi stöðu í bókhaldi stofnunarinnar í júlí 2018 þegar endurskoðun fór fram.

Eftirfarandi niðurstöðu og ábendingum er hér komið á framfæri vegna endurskoðunar ársins 2017.

### 1. Fjárveitingar og rekstur

Tekjuafgangur ársins 2017 fer til lækkunar á uppsöfnuðum halla fyrri ára. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins og frávikagreining er yfirfarin reglulega.

### 2. Innra eftirlit

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda. Ferlið er skilvirkt og metnaður lagður í að fylgja því skipulagi sem ákveðið hefur verið hjá stofnuninni.

### 3. Fylgni við lög og reglur

Ekki verður annað séð en að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

### 4. Rekstrarliðir

Almennt er vel staðið að umsýslu varðandi rekstrarliði. Ríkisendurskoðun bendir þó á að æskilegt sé að skoða uppfærslu á gjaldskrá sem síðast var samþykkt árið 2013. Þá er bent á að á móti 1,0 m.kr. niðurfellingu á kröfum frá árinu 2017, sem gerðar eru árið 2018, hefði verið rétt að gjaldfæra varúðarniðurfærslu rekstrarárið 2017.

### 5. Efnahagsliðir

Viðskiptakröfum þarf að fylgja betur eftir.

## 3 Fjárveitingar og rekstur

### 3.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. En fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjáraulögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveiting ársins 2017 til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra nam 161,4 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2017. Til viðbótar var 25,0 m.kr. framlag á fjáraulögum auk fjárfestingarframlags. Heildarfjárveitingar á árinu urðu því tæplega 188,0 m.kr. Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu 181,0 m.kr. Tekjuafgangur varð því 6,9 m.kr. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2017 og rekstri árið 2016:

Í þús. kr.	Fjárveiting 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Rekstrartekjur	-108.200	-94.334	-13.866	-95.813
Launagjöld	234.300	237.259	-2.959	222.902
Önnur rekstrargjöld	59.700	36.152	23.548	34.988
Eignakaup	2.154	1.933	221	150
<b>Samtals</b>	<b>187.954</b>	<b>181.010</b>	<b>6.945</b>	<b>162.227</b>

Helstu breytingar á rekstrarliðum frá fyrra ári er hækkun launagjalda um 14,4 m.kr. Stærstu frávik frá fjárveitingum eru 13,9 m.kr. lægri sértekjur en gert var ráð fyrir og 23,6 m.kr. lægri önnur útgjöld en fjárveiting. Ríkisendurskoðun bendir á innbyrðis ósamræmi á milli þessara liða.

Á árinu voru gerðar grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar.

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra fyrir árið 2017 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Meginfrávik frá rekstraráætlun voru á launalið og tölvuþjónustu en þau frávik rúmast innan viðbótarfjárveitinga á árinu.

### 3.3 Niðurstaða

Tekjuafgangur ársins 2017 fer til lækkunar á uppsöfnuðum halla fyrri ára. Uppsafnaður halli fyrri ára, sem nam 12,1 m.kr. í byrjun árs 2017, lækkaði um tekjuafgang ársins eða 6,9 m.kr. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins og frávikagreining er yfirfarin reglulega.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá stofnuninni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Við mat á eftirlitsumhverfi stofnunarinnar reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað fyrir vinnslu á bókhaldi og launaafgreiðslu. Stofnunin nýtir einnig viðeigandi kerfishluta fjárhagskerfisins eins og fyrir viðskiptakröfur, viðskiptaskuldir og eignaskráningu. Vinnustund er notuð fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna.

Skipurit er til fyrir stofnunina og stefnuskjöl svo sem innkaupastefna. Skriflegar reglur eru til staðar í gæðahandbók stofnunarinnar um ýmsa þætti innra eftirlits varðandi fjármál, bókhald og mannauð. Ábyrgð og umsjón með bókhaldi og fjárreiðum er vel skilgreind og afmörkuð og er m.a. skjöluð í starfslýsingum og í gæðahandbók. Ákveðinn veikleiki er þó á aðgreiningu starfa í fjarveru lykilstarfsmanna svo sem vegna sumarleyfa en gerðar hafa verið ráðstafanir til að mæta þeim veikleika.

### 4.3 Niðurstaða

Endurskoðun á virkni innra eftirlits hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra varðandi fjármál og bókhald var án athugasemda. Ekki er annað að sjá en að ferlið sé skilvirkt og að metnaður sé lagður í að fylgja því skipulagi sem ákveðið hefur verið hjá stofnuninni.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun er skoðað hvort rekstur stofnunarinnar hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem um hana gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Um fjárveitingar er fjallað í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru auk þess teknir til skoðunar vegna ársins 2017:

#### 5.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða. Ferðareikningi er skilað á eyðublaði sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera og er í samræmi við uppgjórið.

#### 5.1.2 Risna

Aðeins einn risnureikningur var bókfærður árið 2017. Reikningurinn uppfyllti almenn formskilyrði og tilefni risnu kemur fram.

#### 5.1.3 Opinber innkaup

Verklagsreglur við innkaup eru skráðar í upplýsingahefti um stofnunina. Tilgreint er hverjir hafa heimild til innkaupa. Vörur og þjónusta er yfirleitt keypt eftir að leitað hefur verið tilboða og í samræmi við rammasamning við Ríkiskaup en einnig í samræmi við umhverfisstefnu stofnunarinnar.

#### 5.1.4 Innkaupakort

Stofnunin nýtir innkaupakort m.a. til greiðslu flugfargjalda og við kaup á ýmsum rekstrarvörum.

#### 5.1.5 Láns- og reikningsviðskipti

Stofnunin er með samning um einn bílaleigubíl sem gildir til 1. júní 2018. Ekki er um aðra samninga að ræða varðandi kaupleigu eða fjármögnunarleigu og ekki heldur skuldbindingar til lengri tíma en 90 daga. Ríkisendurskoðun bendir á að við gerð samninga til lengri tíma en 90 daga þarf samþykki ráðuneytis.

#### 5.1.6 Styrkir

Stofnunin veitti nánast enga almenna styrki samkvæmt rekstrarreikningi fyrir árið 2017.

#### 5.1.7 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og kóðun færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færirst reglulega til eignar á viðskiptareikning stofnunarinnar við ríkissjóð.

### 5.2 Niðurstaða

Ekki verður annað séð en að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta.

## 6 Endurskoðun rekstrarliða

Rekstraryfirlit fyrir árið 2017 var uppfært í lok apríl 2018 með fyrirvara um breytingar við lokafrágang uppgjors hjá Fjársýslu ríkisins. Samkvæmt rekstraryfirlitinu námu tekjur Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra 93,3 m.kr. og gjöld námu 274,3 m.kr., sjá sundurliðun í neðangreindri töflu.

Í þús.kr.	2017	2016	Breyting
<b>Tekjur:</b>			
Rekstrartekjur	93.309	95.813	-2.504
	93.309	95.813	-2.504
<b>Gjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	234.294	222.048	12.246
Orlofsskuldbinding	2.197	0	2.197
Ferðakostnaður og akstur	6.006	7.571	-1.565
Vörukaup	3.931	4.097	-166
Aðkeypt þjónusta	10.754	8.397	2.357
Húsaleiga og annar kostn. v/húsnæðis	14.874	14.089	785
Eignakaup, fyrningar	1.933	150	1.783
Annar kostnaður	329	1.688	-1.359
	274.319	258.040	16.279

### 6.1 Rekstrartekjur

Tekjur Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra eru fyrir táknmálstúlkabjónustu, kennslu táknmáls, námsefni og ráðgjöf. Tekjur eru skráðar í bókhald við útgáfu reiknings og koma að mestu frá öðrum opinberum stofnunum. Gjaldskrá byggir á heimild í lögum og er samþykkt af mennta- og menningarmálaráðherra. Gjaldskrá var síðast samþykkt árið 2013.

Lækkun tekna um 2,5 m.kr. á milli ára stafar af minni eftirspurn eftir þjónustu sem greitt er fyrir. Sérstaklega er um að ræða minni eftirspurn eftir táknmálstúlkabjónustu í framhalds- og háskólum.

Sértekjur voru skoðaðar með greiningum auk þess sem farið var yfir ferla. Niðurfellingar áður útgefinna reikninga á móti veittu framlagi voru sérstaklega yfirfarnar. Endurskoðun var án athugasemda að öðru leyti en því að á móti 1,0 m.kr. niðurfellingu krafna frá 2017 sem gerðar voru árið 2018 hefði verið rétt að bóka varúðarniðurfærslu í bókhaldi ársins 2018.

### 6.2 Launagjöld

Launagjöld voru endurskoðuð með fyrirspurnum, greiningum og úrtaksskoðun.



### 6.2.1 Ráðningarsamningar

Bent er á að í 42. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir að gerður skuli skriflegur ráðningarsamningur milli forstöðumanns stofnunar og starfsmanns. Í þeim tilvikum sem forstöðumaður undirritar ekki ráðningarsamninga þarf að liggja ljóst fyrir hverjir eigi að undirrita ráðningarsamninga í umboði hans og það skjalfest. Æskilegt er að tveir undirriti samninginn í umboði forstöðumanns. Miðað við starfsmannafjölda hjá stofnuninni er rétt að forstöðumaður undirriti alla ráðningarsamninga og breytingar á kjörum.

### 6.2.2 Viðveruskráning

Verið er að innleiða viðveruskráningu í kerfið Vinnustund. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að allir starfsmenn skrái viðveru í Vinnustund.

## 6.3 Önnur rekstrargjöld

Rafrænir reikningar eru samþykktir rafrænt en aðstoðarforstöðumaður áritar samþykki sitt á aðra reikninga. Starfsmenn fá greitt fæðisfé, þar sem ekki er boðið upp á mótuneyti hjá stofnuninni.

## 6.4 Niðurstaða

Almennt er vel staðið að umsýslu varðandi rekstrarliði. Ríkisendurskoðun bendir þó á að æskilegt er að skoða hvort ekki sé kominn tími á að uppfæra gjaldskrá sem síðast var samþykkt árið 2013. Einnig er bent á að á móti 1,0 m.kr. niðurfellingu á kröfum frá árinu 2017, sem gerðar eru árið 2018 hefði verið rétt að gjaldfæra varúðarniðurfærslu rekstrarárið 2017.

## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt stöðu bókhalds í árslok 2017 þegar endurskoðun fór fram í maí 2018 námu eignir 54,3 m.kr., skuldir námu 59,4 m.kr. og höfuðstóll var neikvæður um 5,1 m.kr.

Í þús.kr.	31.12. 2017	1.1. 2017	Breyting
<b>Eignir:</b>			
Áhöld og búnaður	5.676.013	7.230.451	-1.554.438
Viðskiptakröfur	15.183.201	16.370.489	-1.187.288
Fyrirframgreiddur kostnaður	0	56.015	-56.015
Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga	19.869.360	19.869.360	0
Handbært fé	13.569.209	105.669	13.463.540
<b>Eignir alls</b>	<b>54.297.783</b>	<b>43.631.984</b>	<b>10.665.799</b>
<b>Eigið fé og skuldir:</b>			
Höfuðstóll	-5.131.355	-12.076.057	6.944.702
Ríkissjóður	27.705.005	27.138.149	566.856
Óreidd laun, launaleiðrétting	1.705.277	0	1.705.277
Viðskiptaskuldir	2.276.715	1.470.081	806.634
Orlofsskuldbinding	22.066.128	19.869.360	2.196.768
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	5.676.013	7.230.451	-1.554.438
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>54.297.783</b>	<b>43.631.984</b>	<b>10.665.799</b>

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Áhöld og búnaður

Eignfærsla varanlegra fastafjármuna er gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga nr. 123/2015 um opinber fjármál (LOF). Yfirlit yfir áhöld og annan búnað var unnið hjá Fjársýslu ríkisins samkvæmt upplýsingum í eignakerfi fjárhagsbókhaldsins. Elstu skráðar eignir eru frá árinu 2008 og afskriftarhlutfall er 10%. Ríkisendurskoðun hefur ekki staðfest tilvist eigna samkvæmt yfirlitinu en forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra samþykkti yfirlitið með áritun á stofnefnahagsreikning pr. 1/1 2017.

Árið 2017 var keyptur nýr búnaður fyrir 378.706 kr. sem kemur til hækkunar á eignalið og afskriftir til lækkunar námu 1.933.144 kr.

#### 7.1.2 Viðskiptakröfur

Staða viðskiptakrafna í árslok nam 15,2 m.kr. Þar af er 6,8 m.kr. krafa skráð á safnreikning vegna nokkurra viðskiptavina og bendir Ríkisendurskoðun á að kröfur skuli að jafnaði skrá á kennitölu viðkomandi viðskiptavinar. Að öðru leyti er stærsti hluti krafna á aðrar opinberar stofnanir sem hafa fengið túlkabjónustu hjá Samskiptamiðstöðinni. Útistandandi kröfur í árslok

eru um 16% af heildartekjum stofnunarinnar. Skoðaðar voru færslur í byrjun árs 2018 til staðfestingar á kröfum og reyndist um 86% af kröfum um áramót vera greiddar, um 7% voru felldar niður eða rúmlega 1,0 m.kr. Eftirstöðvar í lok apríl 2018 vegna ársins 2017 eða eldra voru 7%. Ríkisendurskoðun bendir á að yfirfara þarf eldri kröfur og gera viðeigandi ráðstafanir.

### 7.1.3 Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindinga

Eignfærsla hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindinga í stofnefnahagsreikningi þann 1. janúar 2017 er gerð samkvæmt fyrirætlum Fjársýslu ríkisins. Ríkisendurskoðun bendir á að á þessu stigi er ekki ljóst hvernig verður staðið að fjárheimild til Samskiptamiðstöðvarinnar til greiðslu á þessari kröfu og því verður að hafa fyrirvara varðandi eignfærslu.

### 7.1.4 Handbært fé

Handbært fé nam 13,6 m.kr. í árslok 2017 og hafði hækkað um 13,5 m.kr. frá fyrra ári. Inneign var flutt á bankareikning ríkissjóðs í byrjun janúar 2018, eins og gert er mánaðarlega, og fer til lækkunar á skuld stofnunarinnar við ríkissjóð. Ríkisendurskoðun leggur til að millifærslur verði frekar gerðar í lok mánaðar. Staðfestingarbréf vegna bankareikninga voru send til þriggja viðskiptabanka og var niðurstaða á bankareikningi stofnunarinnar í samræmi við bankayfirlit. Vaxtatekjur voru fluttar á ríkissjóð í samræmi við lög um opinber fjármál.

## 7.2 Eigið fé og skuldir

### 7.2.1 Höfuðstóll

Miðað við stöðu bókhalds í maí 2018 fyrir árið 2017 var neikvætt eigið fé 5,1 m.kr. Staðan hefur batnað frá fyrra ári um 6,9 m.kr. tekjuafgang ársins 2017.

### 7.2.2 Ríkissjóður

Viðskiptareikningur við ríkissjóð var í 27,7 m.kr. skuld í árslok 2017 þegar undan er skilin bókfærð inneign hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindingar. Staðan hefur versnað um 0,6 m.kr. frá fyrra ári. Skuldastaða lækkaði við áðurnefnda greiðslu 13,6 m.kr. inn á bankareikning ríkissjóðs í ársbyrjun 2018.

### 7.2.3 Ógreidd laun, launaleiðrétting

Skuld við starfsmenn vegna launa stafar eingöngu af leiðréttingu vegna afturvirkra kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 2018. Leiðrétting vegna ársins 2017 var í flestum samningum frá 1. september 2017 til ársloka. Hún var gjaldfærð árið 2017 og greidd út þann 1. mars 2018.

### 7.2.4 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir námu 2,3 m.kr. í árslok 2017 sem er hækkun um 0,8 m.kr. frá fyrra ári. Við endurskoðun voru greiðslur í ársbyrjun 2018 til greiðslu skammtímaskulda yfirfarnar án athugasemda.

### 7.2.5 Orlofsskuldbinding

Frá og með árinu 2017 er orlofsskuldbinding gjaldfærð í rekstrarreikningum stofnana í A-hluta til samræmis við lög um opinber fjármál. Á móti kemur skuldfærsla í efnahagsreikningi. Staðan var 22,1 m.kr. í árslok 2017 og hafði hækkað um 2,2 m.kr. frá fyrra ári. Orlofsskuldbinding er yfirfarin hjá Fjársýslu ríkisins.

### 7.2.6 Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda

Fyrirframgreiddar tekjur eða frestun tekjufærslu vegna fjárfestingaheimilda er einnig nýr skuldaliður, í framhaldi af þeirri breytingu samkvæmt lögum um opinber fjármál, að gjaldfæra eigi einungis afskriftir af búnaði. Fram til ársins 2017 voru kaup á eignum, svo sem húsbúnaði, tækjabúnaði, tölvum og stærri eignum, svo sem bifreiðum og fasteignum gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári.

Frá og með 2018 eru slík kaup eignfærð og reiknaðar árlegar afskriftir af eignunum. Fjárheimildir til kaupanna eru því færðar skuldamegin í efnahagsreikning að frádregnum þeim fjárheimildum sem eru færðar í rekstrarreikning á móti afskriftum.

Þessi liður lækkaði um tæplega 1,6 m.kr. frá stofnefnahagsreikningi þann 1. janúar 2017 eða sem nemur 1,9 m.kr. afskriftum að frádregnum 0,3 m.kr. kaupum á nýjum búnaði.

## 7.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að vegna tafa við innleiðingu á lögum um opinber fjármál og þar með gerð stofnefnahagsreikninga var ekki fyrirbyggjandi ársreikningur þegar endurskoðun fór fram og tekur endurskoðunin mið af því. Stjórnendur Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, sem eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila stofnunarinnar og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna, telja reikningsskilum lokið af sinni hálfu.

Ríkisendurskoðun bendir á að kröfum þarf að fylgja betur eftir.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda var samþykkt og undirritað af forstöðumanni Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra dags. 17. ágúst 2018.

### 8.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi stofnunarinnar árið 2017 og samkvæmt upplýsingum forstöðumanns, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

### 8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Samskiptamiðstöðinni.

### 8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra var undirrituð af ríkisendurskoðanda og forstöðumanni stofnunarinnar dags. 26. janúar 2018.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)